

**Þinggerð**  
**54. ársþings Glímusambands Íslands**  
**Reykjavík 24. febrúar 2018**

**Dagskrá:**

1. Þingsetning.
2. Kosin Kjörbréfanefnd.
3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
4. Kjörnar aðrar nefndir:
  - a) Fjárhagsnefnd.
  - b) Laganefnd.
  - c) Allsherjarnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver.
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
7. Ávörp gesta.
8. Umræður um skýrslu og reikninga.
9. Reikningar bornir upp til samþykktar.
10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
11. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
12. Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og einnig mál er þingfulltrúar vilja koma á framfæri.

- ÞINGHLÉ -

13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
14. Ákveðið gjald ævifélaga.
15. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda, varaendurskoðenda og fulltrúa á íþróttaping.
16. Kosnir þrír menn í aganefnd og þrír til vara.
17. Önnur mál.
18. Þingslit.

**1. Þingsetning**

**Ólafur Oddur Sigurðsson**, formaður GLÍ, setti þing kl. 17.00. Hann bauð fólk velkomið og sagði gaman að sjá svona marga á þingi en 30 manns voru við þingsetningu. Þetta yrði síðasta þing sem hann mundi sitja sem formaður GLÍ, alla vega í bili. Margt hefði breyst frá því fyrir tíu árum þegar hann tók að sér formennskuna í miklu góðæri að því talið var. Litlu seinna kom hrúnið og þá breyttist margt. Styrkurinn frá alþingi var skorinn niður um helming sem gerði reksturinn mjög erfiðan. Smám saman hefði rofað til og margt verið gert sem væri ánægjulegt að minnast. Ólafur sagðist hafa unnið eftir sinni sannfæringu að gera það sem best væri fyrir glímuna. Hann sagðist hafa starfað með allmörgum þessi 13 ár sem liðin eru síðan hann varð fyrst varaformaður GLÍ en nú hefði hann talið að sinn tími væri orðinn góður.

Hann sagði að eitt af því sem stæði upp úr eftir þennan tíma væri hvað okkar besta glímufólk hefði náð góðum árangri í þjóðlegum fangbrögðum í Evrópu. Sagðist vera mjög stoltur af því að fara með okkar keppnisfólk til útlanda þar sem það hefur unnið góða sigra. Ólafur nefndi að þegar hann tók við formennskunni 2008 átti hann fjögur börn. Nú eru það ekki lengur börn, heldur fullorðnir einstaklingar. „En fólkíð sem ég hef unnið með, ég tel það börnin mín,“ sagði Ólafur. Síðan sagði hann 54. ársþing GLÍ sett.

## 2. Kosin Kjörbréfanefnd

**Ólafur Oddur** tilnefndi þrjú í Kjörbréfanefnd; þau Stefán Geirsson, Margréti Rún Rúnarsdóttir og Ásmund Hálfán Ásmundsson. Það var samþykkt og tók nefndin þegar til starfa.

## 3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

**Ólafur Oddur** lagði til að Kjartan Lárússon yrði þingforseti og Jón M. Ívarsson þingritari. Það var samþykkt og tóku þeir til starfa.

## 4. Kosnar aðrar nefndir

**Kjartan Lárússon** þingforseti las upp tillögu stjórnar um aðrar nefndir sem var samþykkt.

### Fjárhagsnefnd:

Jóhanna Guðrún Snæfeld, Hjörtur Elí Steindórsson og Heiðrún Fjóra Pálsdóttir.

### Laganefnd:

Lísa Lotta Björnsdóttir, Hugrún Geirsdóttir og Guðmundur Stefán Gunnarsson.

### Allsherjarnefnd:

Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Sigurður Óli Rúnarsson og Kristinn Guðnason.

## 5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

**Ólafur Oddur Sigurðsson** flutti skýrslu stjórnar sem einnig lá frammi í stóru broti, prentuð og myndskreytt litmyndum á sex útsíðum. Hann fletti skýrslunni og vakti athygli á ýmsum atriðum sem þar komu fram. Hann sagðist hafa tekið upp það nýmæli í fyrra að birta þinggerð glímupingsins sem var bæði veigamikil og vel rituð af þingritara. Svo væri einnig nú en að flestu leyti væri skýrslan hefðbundin með mörgum föstum liðum. Þarna væri skráður mikill hópur manna sem starfaði í nefndum og stundum væru þeir svo sjálfsagðir í nefndirnar að það hefði hreinlega gleymst að láta þá vita af slíku og baðst hann afsökunar á slíkum mistökum. Hann nefndi að þarna kæmu fram nöfn allra keppenda í glímunni og væri það fróðleg upptalning. Ólafur vakti sérstaka athygli á mynd á baksíðu sem sýndi hóp eldri glímumanna sem komu saman í boði GLÍ 14. júní 2017 í tilefni þess að þá voru 50 ár liðin frá því að þeir fóru á vegum Glímusambandsins til Kanada árið 1967 og sýndu glímu á heimssýningunni Expo '67 í Montreal. Hefði verið gaman að vera viðstaddur þá endurfundi.

Fór yfir ársskýrslur nefnda og sagðist alltaf vera jafn ánægður með skýrslu Aganefndar en þar væri ekkert að gerast. Hrósaði Minjasafnsnefnd og þeim frændum í Umf. Samhygð sem hana skipa. Sagði að vegna ófærðar og tímahraks hefði orðið að prenta ársskýrsluna án áritunar Kjartans Lárússonar, þingkjörins skoðunarmanns en benti þingfulltrúum á að snúa sér til Kjartans sem myndi árita sjálfur fyrir þá með glöðu geði. Ólafur las upp ávarp formanns sem var prentað í ársskýrslunni og lokaorð hans voru: „Glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga og ég er stoltur af því að vera glímumaður.“

## 6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga

**Sindri Freyr Jónsson** las upp reikninga sambandsins sem lágu frammi í ársskýrslunni. Þeir voru endurskoðaðir af viðskiptafræðingi og skoðunarmönnum GLÍ sem lögðu til samþykkt þeirra. Sindri Freyr hafði engin orð um fjárhagsstöðuna en skoðun þingritara leiddi í ljós að lítils háttar hagnaður varð af árlegum rekstri. Veltan var 10,1 milljónir en sambandið á 8 milljón króna bankainnistæðu og hefur aldrei staðið jafn vel.

## 7. Ávörp gesta

**Hafsteinn Pálsson** stjórnarmaður Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands flutti kveðju forseta og stjórnar sambandsins til GLÍ. Það er alltaf nóg um að vera hjá ÍSÍ, nú eru Ólympíuleikar og Lífshlaup í gangi. Starfið hjá ÍSÍ snýst ekki bara um afreksíþróttir heldur líka íþróttir fyrir almenning og áherslan á þær síðarnefndu er alltaf að aukast.

Hafsteinn árétaði að „meetoo byltingin“ til að stemma stigu við kynbundinni mismunun og kynferðislegri áreitni og árásum gegn konum hefði haft mikil áhrif í íþróttahéiminum og innan ÍSÍ hefði vinna farið af stað til að bregðast við henni. Til var fræðsluefni hjá ÍSÍ sem nú er verið að endurbæta. Mikilvægt er að fólk í íþróttum viti að hægt er að leita til ÍSÍ ef fólk verður fyrir kynbundnum árásum, áreitni, eða mismunun eða veit af slíkum hlutum. Skipuð hefur verið nefnd á vegum Menntamálaráðuneytisins til að vinna að endurbótum í þessum málum og hefur ÍSÍ tilnefnt aðila í þá nefnd. „Það þarf að taka þessi mál mjög alvarlega og allir eiga að vita hvert þeir geta leitað með vandamál þessu tengd,“ sagði Hafsteinn.

Hafsteinn kallaði Ólaf Odd Sigurðsson formann GLÍ til sín og sæmdi hann gullmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf fyrir glímuna. Þingritari GLÍ rauk til og tók mynd af athöfninni og sagði það ekki mega minna vera því Ólafur væri yngsti maður sem hann vissi til að hefði hlotið þessa viðurkenningu. Þingheimur klappaði Ólafi lof í lófa.

## Álit Kjörbréfanefndar

**Stefán Geirsson** flutti álit Kjörbréfanefndar. Sex kjörbréf höfðu borist með nöfnum 21 aðalfulltrúa og nokkurra varafulltrúa. Stefán las upp nöfn þeirra og viðkomandi risu úr sæti.

**HSK** átti rétt á að senda **átta** fulltrúa á þingið og **átta** voru mættir:

1. Stefán Geirsson
2. Ólafur Oddur Sigurðsson
3. Kjartan Lárusson
4. Jón M. Ívarsson
5. Jana Lind Ellertsdóttir
6. Hugrún Geirsdóttir
7. Kristinn Guðnason
8. Sigmundur Stefánsson

**UÍA** átti rétt á að senda **fjóra** fulltrúa á þingið og **fjórir** voru mættir:

1. Guðjón Magnússon
2. Lís Lotta Björnsdóttir
3. Ásmundur Hálfván Ásmundsson
4. Hjörtur Elí Steindórsson

varamaður:

1. Kristín Embla Guðjónsdóttir

**Umf.N** átti rétt á að senda **þrjá** fulltrúa á þingið og **þrír** voru mættir:

1. Guðmundur Stefán Gunnarsson
2. Heiðrún Fjóla Pálsdóttir
3. Kári Ragúels Víðisson

**HSV** átti rétt á að senda **tvo** fulltrúa á þingið og **tveir** voru mættir:

1. Margrét Rún Rúnarsdóttir

2. Sigurður Óli Rúnarsson

**ÍBR** átti rétt á að senda **tvo** fulltrúa á þingið og **tveir** voru mættir:

1. Sigurjón Leifsson
2. Óttar Ottósson

varamenn:

1. Hörður Gunnarsson
2. Helgi Bjarnason
3. Rögnvaldur Ólafsson
4. Garðar Erlendsson

**UDN** átti rétt á að senda **tvo** fulltrúa á þingið og **tveir** voru mættir:

1. Svana Hrönn Jóhannsdóttir
2. Hlödver Ingi Gunnarsson

varamaður:

1. Jóhanna Guðrún Snæfeld

Kjörbréfin voru samþykkt einróma.

## 8. Umræður um skýrslu og reikninga

**Kjartan Lárusson** benti á að í upptalningu glímufólks á bls. 29 væru fimm keppendur taldir til Umf. Biskupstungna sem tilheyrðu í raun Umf. Laugdæla.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** sagðist vilja þakka þann óvænta heiður sem sér væri sýndur með veitingu gullmerkis. Hann vakti athygli á breytingu sem alþingi hefur gert á veitingu sérstaks styrks til glímunnar. Áður fór styrkurinn beint til GLÍ. Nú fer styrkurinn til ÍSÍ, reyndar eyrnamerkur GLÍ. Hann sagði það hlutverk nýrrar stjórnar að ræða útfærslu á þessu við ÍSÍ. Ólafur sagðist vilja spara mönnum fyrirspurnir um reikninga og útskýrði þar ýmsa hluti. Meðal annars upplýsti hann að allar skammtímaskuldir væru nú greiddar.

**Óttar Ottósson** kom með fyrirspurn varðandi reikninga.

**Sigmundur Stefánsson** ræddi áhöld og búnað og taldi vanta afskriftir á þeim.

**Kristinn Guðnason** sagði að nú- og fyrrverandi formenn glímuráðs HSK, þ.e. hann sjálfur og Stefán Geirsson hefðu rætt saman og komist að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að breyta þeim leikreglum sem ráða því hvaða félag eiga fulltrúa á þingi GLÍ. Sum félag með keppendur ættu ekki þingfulltrúa.

**Sindri Freyr Jónsson** svaraði fyrirspurnum. Glímuskór og hátíðarfáni hefðu verið keyptir.

## 9. Reikningar bornir upp til samþykktar

Reikningar voru bornir upp og samþykktir einróma.

## 10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

**Sindri Freyr Jónsson** las upp tillögu að fjárhagsáætlun stjórnar sem var þingskjal númer eitt.

**54. GLÍMUPING Í REYKJAVÍK 24. febrúar 2018****GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS  
TILLAGA AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 1/1 – 31/1 2018**

	<b>GJÖLD</b>	<b>TEKJUR</b>
Fjárveiting til glímukynninga		3.000.000
Tekjur af Lottó		2.000.000
Endurgreiddur erlendur ferðakostnaður		1.750.000
Sérsambandastyrkur		1.700.000
Íþróttá- og Ólympíusamband, útbreiðslustyrkur		1.200.000
Tekjur af glímumótum		100.000
Styrkir		300.000
Aðrar tekjur		100.000
Glímukynningar	3.900.000	
Erlendur ferðakostnaður	2.000.000	
Glímumót	800.000	
Ungmennaráð	400.000	
Erlend samskipti	500.000	
Skrifstofukostnaður	700.000	
Tölvukerfi	1.000.000	
Húsaleiga	450.000	
Ársskýrsla og þinghald	200.000	
Kaup á beltum og skóm	100.000	
Ýmis kostnaður	<u>100.000</u>	
Alls kr.	10.150.000	<u>10.150.000</u>

**11. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið**

Þær voru engar að sögn þingforseta.

**12. Tillögur og önnur mál**

Þar var heldur ekkert á dagskrá. Þá minntist **Ólafur Oddur Sigurðsson** þess að gleymst hefði að bera fram þingskjal númer 2 um ævifélagagjald. Gerði hann svo að því búnu.

**54. GLÍMUPING Í REYKJAVÍK 24. febrúar 2018**

Stjórn Glímusambands Íslands leggur til að gjöld ævifélaga árið 2018 verði kr. 10.000.

**Reykjavík 24. febrúar 2018**  
**Stjórn GLÍ**

**Jón M. Ívarsson** minnti á að hann hefði á síðasta þingi fluttu tillögu um afnám ævifélagagjalds Þeirri tillögu hefði verið vísað til stjórnar. Hann spurðist fyrir um hvað stjórn hefði gert í málinu.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** svaraði og sagði þetta mál ekki hafa verið rætt á fundum GLÍ.

**Jón M Ívarsson** bað aftur um orðið. Sagði ævifélagagjaldið úrelt og flutti eftirfarandi tillögu:

54. ársþing GLÍ 2018, leggur til að gjöld ævifélaga verði felld niður og út úr lögum GLÍ.

### **Jón M. Ívarsson**

**Kjartan Lárusson** þingforseti lýsti yfir þinghléi til nefndastarfa sem myndi standa í stundarfjórðung. Þá var klukkan nákvæmlega 18.00.

### - ÞINGHLÉ -

Þingnefndir störfuðu í hléinu. Þing hófst aftur kl. 18.15.

## **13. Álit nefnda**

**Lísa Lotta Björnsdóttir** bar fram álit Laganefndar um tillögu Jóns M. Nefndin lagði til að tillaga Jóns yrði samþykkt og að stjórn framfylgdi þeirri samþykkt.

**Hörður Gunnarsson** taldi rétt að vísa þessu máli til stjórnar þar sem hér væri um lagabreytingu að ræða. Það þyrfti að yfirfara lögina og þá yrði þetta ákvæði endurskoðað um leið. Líka væri rétt að átta sig á því til hvers ævifélagagjaldið var hugsað upphaflega. Það átti að vera fjáröflun og svo fylgdu því ýmis réttindi. Því mætti hækka það umtalsvert. Mælti með að ævifélagagjaldið væri látið standa óbreytt.

**Kristinn Guðnason** sagði: „Við lærðum það í barnaskóla að brjóta skólareglurnar eins og hægt var.“ Svo upplýsti hann að þegar Íþróttafélagið Garpur í Holtum var stofnað fengust lög þess ekki samþykkt hjá ÍSÍ nema þar væri árgjald. Svo þegar hann var gjaldkeri um árabíl sá hann að engir borguðu árgjald nema þeir sem unnu mesta sjálfboðavinnu. Þá taldi hann best að hafa 100 prósent afslátt af árgjaldinu. Lagði til að þannig yrði farið með ævifélagagjaldið.

**Jón M. Ívarsson** gaf lítið fyrir fríðindi ævifélaga. Það væri þá helst að fara ókeypis inn á glímumót og spurði hvenær viðstaddir hefðu síðast þurft að borga sig inn á glímumót. Gjaldið sem tekjuöflun skipti engu máli nú á tímum Lottós og útbreiðslustyrkja og það væru áratugir síðan síðustu ævifélagar hefðu verið skráðir. Ítrekaði að tillagan yrði samþykkt.

**Kjartan Lárusson** taldi að hann væri síðasti maður sem gerðist ævifélagi GLÍ fyrir einum 30 árum og vildi halda þessu ákvæði inni í lögnum. Kjartan gerðist ævifélagi ásamt sjö öðrum 1988 en sex menn bættust í hóp ævifélaga 1991. Síðan hefur ævifélögum ekki fjölgað.

**Jóhanna Guðrún Snæfeld** sagði að hún sem lögfræðingur teldi að þar sem hér væri um lagabreytingu að ræða þyrfti að koma formleg tillaga um slíkt en svo væri ekki. Hún legði því til að tillögunni yrði vísað til stjórnar.

Greidd voru atkvæði. Sautján vildu vísa tillögunni til stjórnar en tillögumaður var einn á móti.

**Jóhanna Guðrún Snæfeld** lagði fram álit fjárhagsnefndar sem fjallaði um fjárhagsáætlun. Hún sagði að unga fólk í nefndinni vildi færa hana meira til nútímans. Hún vildi skerpa á texta fjárhagsáætlunar og eynamerkjanna hlutina betur. Hún lagði fram breytingar á þingskjali 1,

fjárhagsáætlun á þá leið að gjaldaliðir breyttust þannig að Erlendur ferðakostnaður yrði kr. 2.900.000 og liðurinn Glímukynningar félli niður. Í stað hans kæmi Laun kr. 3.000.000.

Fjárhagsáætlun þannig breytt borin upp og samþykkt einróma.

**Jóhanna Guðrún Snæfeld** lagði til breytingu á þingskjali 2, ævifélagagjaldi, á þá leið að gjaldið yrði núll krónur.

**Hörður Gunnarsson** kvaddi sér hljóðs og andmælti því að gjaldið yrði núll krónur. Hann skilaði skriflegri tillögu sem var þannig:

„Stjórn falin frekari útfærsla gjaldsins.“

Tillagan var borin upp og samþykkt með 11 atkvæðum gegn þremur. Sjö fulltrúar sátu hjá.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir** sagði að engin mál hefðu borist Allsherjarnefnd.

## 15. Kosningar

Þá lá næst fyrir að kjósa formann Glímusambandsins. Ólafur Oddur Sigurðsson hafði lýst því yfir að hann gæfi ekki kost á sér áfram. Lýst var eftir tillögum. Hörður Gunnarsson gerði tillögu um Sigurjón Leifsson. Guðmundur Stefán Gunnarsson lagði til að Svana Hrönn Jóhannsdóttir yrði formaður.

**Óttar Ottósson** bað um orðið og sagðist verða mjög ánægður með að fá Svönu sem framkvæmdastjóra en ekki sem formann. Kannski eftir nokkur ár. Hann sagði að margt þyrfti að laga eftir þetta tíu ára tímabil Ólafs og Sigurjón Leifsson væri rétti maðurinn til þess. Sagði reynslu Sigurjóns vega þungt og það væri óskastaða að fá hann sem formann og Svönu sem framkvæmdastjóra hans við hlið.

**Jóhanna Guðrún Snæfeld** kom í ræðustól og sagðist styðja Svönu eindregið í formannskjöri. Hún myndi með nýju fólki færa GLÍ upp á næsta stig. Hún yrði líka framkvæmdastjóri ef hún yrði kosin formaður. Hún sagðist hafa mætur á Sigurjóni sem væri góður maður. „En hann er ekki sá maður sem mun færa GLÍ upp á næsta stig,“ sagði Jóhanna Guðrún.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** kom upp og bað fólk að hafa það á kristaltæru að það væri verið að kjósa formann Glímusambandsins en ekki framkvæmdastjóra. „Stjórn sambandsins velur sér framkvæmdastjóra og hann er ekki kosinn á glímupingi,“ sagði Ólafur.

Þá var gengið til formannskosninga milli Sigurjóns og Svönu. Útbýtt var atkvæðaseðlum samkvæmt kjörbréfum sem þingforseti las upp jafnóðum. Þingforseti las svo upp atkvæðin sem þingritari skráði. Úrslit urðu þessi:

Sigurjón Leifsson	3 atkvæði
Svana Hrönn Jóhannsdóttir	18 atkvæði

Kjartan Lárusson þingforseti lýsti því þá yfir að Svana Hrönn Jóhannsdóttir væri rétt kjörin formaður Glímusambands Íslands næsta árið.

Þá var lýst eftir tillögum um fjóra stjórnarmenn. Sjö voru tilnefndir og þá fóru fram spennandi kosningar. Þingforseti las upp atkvæði sem þingforseti skráði ásamt Stefáni Geirssyni formanni Glímuráðs HSK. Úrslit urðu þessi:

Jóhanna Guðrún Snæfeld:	20 atkvæði
Guðmundur Stefán Gunnarsson	18 atkvæði
Margrét Rún Rúnarsdóttir	13 atkvæði
Marín Laufey Davíðsdóttir	13 atkvæði

Þar með lýsti þingforseti þau rétt kjörin í stjórn GLÍ næsta árið. Aðrir sem fengu atkvæði:

Þórður Vilberg Guðmundsson	12 atkvæði
Sigurjón Leifsson	5 atkvæði
Óttar Ottósson	2 atkvæði

Þá var leitað eftir tillögum um fólk í varastjórn. Tillaga Ólafs Odds Sigurðssonar hlaut engan mótbyr og því voru eftirtaldir menn sjálfkjörnir í varastjórn:

Þórður Vilberg Guðmundsson, Gunnar Gústav Logason og Snær Seljan Þóroddsson.

Þá skyldi kjósa skoðunarmenn. Ólafur Oddur gerði tillögu um eftirtalda sem var samþykkt: Sindri Freyr Jónsson og Stefán Geirsson.

Ólafur Oddur lagði til að eftirtaldir yrðu varaskoðunarmenn:

Atli Már Sigmarsson og Ingibergur Sigurðsson.

Helgi Bjarnason lagði til að Sigurjón Leifsson og Kjartan Lárusson yrðu kosnir. Kjartan afpakaði það að bragði og sagði: „Þið voruð að enda við að fella mig sem skoðunarmann.“ Sigurjón lýsti því einnig yfir að hann tæki ekki kosningu. Voru þá Atli og Ingibergur sjálfkjörnir.

## 16. Kjörin Aganefnd

Tillaga Ólafs Odds um óbreytta Aganefnd og varamenn hennar var samþykkt:

Aganefnd: Jóhannes Sveinbjörnsson formaður, Sigmundur Stefánsson og Kristján Yngvason.

Varamenn: Þóroddur Helgason, Jón Birgir Valsson og Árni Unnsteinsson.

Kjöri fulltrúa á Íþróttahúsi var vísað til stjórnar.

## 17. Önnur mál

**Ólafur Oddur Sigurðsson** óskaði nýkjörinn stjórn til hamingju með kjörið. Hann sagði að ræða Jóhönnu Guðrúnar hefði haft áhrif á þingheim. „Unga fólkid ætlar að taka við,“ sagði Ólafur. Hann ræddi upphaf sitt í glímunni og taldi það hafa verið mikið gæfuspor þegar hann fyrir tilviljun rataði inn á glímuæfingu á Borg í Grímsnesi hjá Kjartani Helgasyni. Þá var glímt á steingólfi en það herti mann bara. En ekki sagðist hann hafa séð það fyrir sér lengi vel að hann yrði formaður Glímusambandsins. Hann var ánægður með störf fjárhagsnefndar og skref hennar til nútímavæðingar fjármálanna. Sagðist mundu verða á hliðarlínunni og tilbúinn að veita aðstoð ef á þyrfti að halda.



**Jón M. Ívarsson** óskaði nýjum formanni og nýrri stjórn hjartanlega til hamingju með kjörið. Hann sagðist gleðjast mjög yfir þeirri byltingu sem orðin væri í glímunni að konur hefðu tekið yfir stjórn GLÍ. Hann sagði mikið starf bíða nýrrar stjórnar því það væri ekkert launungarmál að glíman væri í lægð heldur en hitt. Hann var bjartsýnn á að nýtt fólk myndi finna nýjar leiðir til úrbóta sem við þessir gömlu sæjum ekki eins vel.

Hann þakkaði Ólafi Oddi mjög vel fyrir hans störf síðastliðinn áratug. Það væri hverjum manni ljóst að Ólafur hefði lengi dregið vagninn í glímunni og stundum hefðu heldur fáið tekið á með honum. Vonandi yrði nú breyting á með góðum hópi stjórnarfólks. Hann sagðist mundu verða á hliðarlínunni ef lítils þyrfti með.

**Garðar Erlendsson** var mjög ánægður með nýju stjórnina og að konur væru komnar til starfa. Hann þakkaði Ólafi fyrir hans góða starf. Hann sagðist hafa verið lengi í glímunni og nefndi að gaman hefði verið að hitta félagana sína í sumar sem fóru ásamt honum til Kanada 1967, það hefði verið skemmtileg ferð.

Garðar sagðist hafa litið yfir nöfnin í nefndum og ráðum GLÍ. Þar væru nöfn manna sem menn sæju alltof sjaldan á vettvangi. Skoraði á nýja stjórn að hafa samband við þessa menn og reyna að virkja þá betur. Við mættum líka vera sýnilegri. Glímumót færu allt of hljótt og það mætti auglýsa þau betur. „Standið ykkur stelpur,“ voru lokaorð Garðars.

**Kristinn Guðnason** þakkaði Ólafi sín störf og óskaði eftir góðu samstarfi við hann áfram. Hann sagðist hafa verið sendur á þingið af Berglindi dóttur sinni til að koma konum í stjórn GLÍ og hann væri mjög ánægður með nýju stjórnina. „Hvernig væri glíman ef ekki væru konur?“ sagði Kristinn að lokum.

**Sigurjón Leifsson** kom í pontu. Hann þakkaði Ólafi sín störf og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið. „Mér hefur aldrei verið hafnað eins mikið og í dag,“ sagði Sigurjón en bar sig vel. Hann sagðist ánægður með að kona væri orðin formaður og konur komnar í meirihluta stjórnarinnar en það fólk að athuga að: „Þetta er hópvinna, ekki bara eins manns, - formannsins.“ Sigurjón þurfti að hverfa af þingi og þakkaði samveruna. Hlaut hann gott lófaklapp.

**Stefán Geirsson** kom upp og sagði það kannski skjóta skökku við að karlar kæmu í röðum og fögnuðu því að konur hefðu tekið við stjórnartaumunum. Hann óskaði Ólafi til hamingju með gullmerkið og þakkaði störf hans. Hann sagðist hlakka til að sjá hvernig nýrri stjórn myndi vinda fram á næstunni. „Við erum glíman og við verðum að halda henni á lofti,“ sagði Stefán.

Stefán nefndi „meetoo byltinguna.“ Hann sagði það skipta máli að við kæmum fram hvert við annað af kurteisi og virðingu. Hann benti á að það gæti gert ársþingin skilvirkari að skipa nefndirnar nokkrum vikum fyrir þing svo þær gætu unnið málin fyrirfram í stað þess að fá þau í fangið fyrirvaralítið á þinginu. Þannig mætti líka nýta krafta fleira fólks. Þakkaði fyrir gott þing.

**Hafsteinn Pálsson**, sem hafði brotið þá reglu að gestir þingsins færu á brott að loknu ávarpi, kom upp og þakkaði Ólafi störfin. Hann óskaði nýkjörnum formanni til hamingju og benti henni á að setja sig í samband við stjórn ÍSÍ og fá þar fróðleik og upplýsingar sem gætu komið að góðu gagni. Þakkaði einnig fyrir gott þing.

**Hörður Gunnarsson** hélt tölu og þótti yngri kynslóðin tæplega bera nóga virðingu fyrir þeirri eldri. Hann minnti á að hann hefði verið farinn að starfa við glímu áður en GLÍ var stofnað fyrir 53 árum. Hefði einnig undirbúið stofnun GLÍ og þá þurfti nokkrum sinnum að ýta á stjórn ÍSÍ til að fá leyfi til að hefjast handa. Hann sagði Ólaf hafa unnið vel þó hann

hefði stundum mátt dreifa störfum meira því það er takmarkað hvað einn maður getur gert. „Nýtið reynslu þar sem hún er fyrir hendi og lítið jafnframt fram á veginn. Við værum ekki stödd hér í dag ef okkur þessara gömlu hefði ekki notið við í fortíðinni,“ sagði Hörður að lokum.

**Ólafur Oddur Sigurðsson** bað nýkjörinn formann að koma upp og taka við lyklum GLÍ. Svana Hrönn kom og tók við lyklum og mynd var tekin.

**Guðjón Magnússon** óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju og óskaði þess að hún héldi bæði dómara- og þjálfaranámskeið hið fyrsta.

**Guðmundur Stefán Gunnarsson** vildi þakka Ólafi Oddi fyrir sín góðu störf. Sagði að Umf. Njarðvíkur væri ekki með svona marga keppendur í glímu ef Ólafs hefði ekki notið við. Hann var ánægður með yfirlýsingar manna um aðstoð og sagði gott að hafa þá gömlu með.

**Hugrún Geirsdóttir** sagði að það væri gaman að vera hér í dag og sjá nýja stjórn með nýja sýn. Sagðist viss um að hún myndi lyfta grettistaki. Hún sagði að margt mætti bæta og eitt af því væri Fésbókarsíða Glímusambandsins sem lengi hefði legið niðri. „Við þurfum að vera áberandi,“ sagði Hugrún og lagði til að síðan yrði uppfærð hressilega.

**Kjartan Lárusson** þingforseti þakkaði gott þing og skemmtilegt. Hann sagðist hafa kynnst Ólafi Oddi þegar hann var að stíga sín fyrstu glímuskref og hefði þjálfað hann á þeim tíma. „Svo ég á kannski svolítið í þessum dreng,“ sagði Kjartan. Hann óskaði nýrri stjórn góðs gengis og sagðist trúa því hún myndi láta verkin tala. Síðan gaf hann formanni orðið.

**Svana Hrönn Jóhannsdóttir**, nýkjörinn formaður Glímusambands Íslands tók til máls. Hún vildi þakka það mikla traust sem henni hefði verið sýnt með formannskjörinu. Hún taldi það mjög gott að stjórnarfolk væri sem víðast að af landinu, það myndi gera starfið fjölbreyttara. „Ég er ekki mjög vön að tala en ég ætla að láta verkin tala,“ sagði Svana Hrönn. Síðan sagði hún 54. ársþingi Glímusambands Íslands slitið kl. 19.55.

**Jón M. Ívarsson**